



Funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



EMPOWER Fréttabréf

6 tölublað
Ágúst 2018

Í þessu síðasta fréttabréfi verkefnisins finnur þú upplýsingar um árangur verkefnisins og hvað framundan er. Við erum þakklát öllum þeim sem komu að verkefninu!

Takk fyrir okkur!

Nú er komið að lokum EMPOWER verkefnisins eftir þriggja ára vinnu. Í tilefni þess langar okkur að færa ykkur sem tókuð þátt þakkir okkar fyrir þátttökuna og ykkar framlag til verkefnisins.

Á síðustu tveimur árum höfum við þjálfað hvorki fleiri né færri en 98 ráðgjafa og sjálfboðaliða og 89 konur í þeim fjórum löndum sem þjálfunin var í boði. Á námskeiðunum fundu þátttakendur kjarkinn, efldu sjálfstraust og juku starfshæfni sína í gegnum styrkleika markþjálfun.

Okkar bestu þakkir til allra sem tóku þátt og þeirra sem aðstoðuðu okkur við að breiða út boðskapinn og kynna verkefnið. Einnig færum við þeim sem tóku þátt í lokaráðstefnu verkefnisins í Sheffield okkar bestu þakkir.



Okkar markmið:

Að færa ráðgjöfum/sjálfboðaliðum og konum í viðkvæmri stöðu verkfæri til að efla sjálfstraust og starfshæfni.



Lokaráðstefnan

Þann 14. júní var lokaráðstefna verkefnisins haldin í Sheffield og var skipulagið í höndum Inova samstarfaðilans þar í borg. Ráðstefnan hlaut nafnið "Samtal um seiglu og starfshæfni" og sóttu tæplega 100 manns hana.

Þar voru niðurstöður verkefnisins kynntar og var sérfræðingum á sviði jákvæðrar sálfræði, marþjálfunar og persónlulegrar hæfni boðið að koma og kynna sig og vinnu sína. Eftir það var boðið upp á umræður í gegnum "World Café" aðferðina sem gefur kost á samræðu allra sem þátt taka.

Allir þátttakendur voru ánægðir með ráðstefnuna og þökkum við öllum þeim sem tóku þátt í henni.

Námsvefur

Námsvefur sá sem þróaður var í verkefninu verður áfram í boði. Þar má finna öll þau verkefni og æfingar sem í boði voru á námskeiðunum fyrir bæði ráðgjafa og konurnar. Um er að ræða 8 námsþætti á öllum tungumálum samstarfsaðila, ensku, íslensku, litháensku og grísku.

Skráðu þig hér: <http://empower.kmop.is>

Hvað nú?

Þó verkefninu sé nú lokið er okkar vinnu hvergi lokið. Allir samstarfsaðilar vinna með ýmsum hópum í fjölbreyttum verkefnum sem byggja flest á því að byggja upp hæfni og sjálfstraust.

Dæmi um önnur verkefni Vinnumálastofnunar:

FREE verkefnið snerist um að efla hæfni frumkvöðlakennda á landsbyggðinni með því að bjóða upp á fræðslu á netinu, vinnu í hæfnihringjum og þátttöku í tengslaneti. Því lauk formlega í vor en hægt er að nálgast fræðsluna á námsvef verkefnisins www.ruralwomenacademy.eu

YIT er nýtt verkefni sem Vinnumálastofnun tekur þátt í og snýst um að efla færni ungs fólks sem er hvorki í námi né í starfi með það að markmiði að koma þeim í starfsnám. Verkefnið er unnið í samstarfi við aðila í Danmörku, Slóveníu og Þýskalandi.

JOBBROKER Þetta verkefni miðar að því að þróa, hanna og fullvinna nokkrar tengdar útfærslur starfsnáms og starfsþjálfunar til stuðnings nýjum starfsháttum "atvinnumiðlara" í Evrópu.

www.empowerwomen.eu

